

Tuttugasti og sjöundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 18. október 2016 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15.

Mættir: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir og Marianna Hugrún Helgadóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umboð Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis til starfsmanna um afgreiðslu erinda.

Framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögur að breytingum á skjalinu: „Ábyrgð stjórnenda og starfsmanna, starfslýsingar“.

2. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna.

- a. Auðunn Pálsson f.h. Bónus sækir um endurnýjun leyfis fyrir stórmarkað án matvælavinnslu að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.
- b. Örn Viðar Skúlason f.h. Líkama og lífsstils ehf. sækir um starfsleyfi fyrir heildverslun með fæðubótarefni að Austurströnd 5 á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.
- c. Kjartan Örn Þórðarson f.h. Lyf og heilsa ehf. sækir um endurnýjun leyfis fyrir lyfjaverslun og sölu á fæðubótarefnum í Apótekarinn Eiðistorgi 17 Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.
- d. Ingveldur Björgvinsdóttir f.h. Mosfellsbæjar sækir um endurnýjun leyfis fyrir búsetukjarna fatlaðra að Hulduhlíð 32 og 34 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti“.
- e. Hólmfríður Dögg Einarisdóttir f.h. Mosfellsbæjar sækir um leyfi fyrir búsetukjarna fatlaðra að Þverholti 19 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti“.
- f. Guðjón Kristinsson f.h. Íslensks textíliðnaðar hf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir vinnslu ullar að Völuteigi 6 í Mosfellsbæ. Lögð fram endurskoðuð starfsleyfisskilyrði fyrir Íslenskan textíliðnað.
„Samþykkt til 12 ára með endurskoðuðum starfsleyfisskilyrðum fyrir Íslenskan textíliðnað“.

3. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2017.

Drög að fjárhagsáætlun 2017 málinu var frestað á síðasta fundi.

„Fjárhagsáætlun er samþykkt með fyrirvara um lið nr. 17 í fjárhagsáætlun“.

4. Gæludýr í almenningsvagna.

Stjórn Strætó leitar áhlits heilbrigðiseftirlita á höfuðborgarsvæðinu um hugmyndir um að leyfa gæludýr í strætó. Greinargerð verkefnahóps um málið frá 7. september 2016 lögð fram með erindinu. Málinu var frestað á síðasta fundi.

„Meirihluti heilbrigðisnefndar er jákvæður fyrir því að sett verði í gang tilraunaverkefni til 12 mánaða þar sem gæludýr yrðu leyfð í strætó til þess að afla upplýsinga og reynslu enda yrði verkefnið unnið með þeim forsendum sem fram koma í 8. kafla. greinargerðar verkefnahópsins og að fenginni undanþágu frá ráðherra“.

5. Bréf MG lögmanna er varðar hæsnahald á Reykjahvoli.

Lagt fram bréf MG lögmanna dagsett 27. september 2016. Í bréfinu er skorað á heilbrigðisnefnd að hlutast til um að framfylgja samþykkt um hæsnahald nr. 971/2015 og stöðva hæsnahald að Reykjahvoli 5 og fjarlægja umrædda hana. Jafnframt lagt fram erindi MG lögmanna dagsett 7. október 2016 þar sem fyrra erindi er ítrekað.

„Heilbrigðisnefnd mun biða úrskurðar Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál áður en ákvörðun um að fjarlægja umrædda hana verður framfylgt“.

6. Önnur mál.

- a. Lagt fram bréf Matvælastofnunar dagsett 3. október 2016 þar sem kynnt er samræmt verklag er varðar viðbrögð við saurgerlamenguðu neysluvatni.
- b. Lagt fram bréf Matvælastofnunar dagsett 10. október 2016 þar sem kynnt er fyrirhuguð innri úttekt á þjálfun og símenntun starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis í eftirliti með hollustuháttum í framleiðslu og dreifingu matvæla. Úttektin fer fram á vettvangi þann 29. nóvember til 1. desember nk.